


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sambýkkt:SHJ		
Síða 1 af 4	<b>ÍSL 416</b>	<b>HAUSTÖNN 2013</b>

<b>Kennari</b>	Kristín Árnadóttir, Snorri Björnsson, Þórdís H. Jónsdóttir	<b>Sk.st.</b>	KRÁ, SNO, ÞHJ
----------------	--	---------------	---------------


### Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um íslenskar bókmenntir og bókmenntasögu frá siðaskiptum til 21. aldar. Lauslega verður fjallað um bókmenntasögu lærdóms- og upplýsingaraldar og lesnir nokkrir valdir textar frá þeim tíma. Farið verður í bókmenntir og sögu 19. aldar, rómantík og raunsæi, og lesnir valdir textar þeirra tímabila og þeir tengdir við samsvarandi tímabil 20. aldar. Megináherslan verður þó lögð á bókmenntir 20. og 21. aldar og bókmenntasögu, nýja strauma og stefnur og ólíkar birtingarmyndir bókmenntanna. Yfirferðinni verður skipt upp í mislangar vinnulotur þar sem nemendur vinna valverkefni af ýmsum gerðum og á ýmis konar skilaformi. Lögð verður rík áhersla á fjölbreyttar vinnuaðferðir, sjálfstæð vinnubrögð, skilvirka þekkingarleit, kunnáttu í meðferð og frágangi heimilda og frumkvæði við úrvinnslu og skilaform verkefna. Í því skyni verður nemendum beint til samstarfs við hinar ýmsu deildir og bókasafn VMA og bókasöfn, listasöfn og aðrar menningar- og fræðslustofnanir utan skólans.

### Markmið:

Að nemandi

- skilji hvað felst í hugtökunum lærdómsöld, upplýsing, rómantík og raunsæi þegar fjallað er um bókmenntir þessara tímabila
- lesi texta frá þessum tíma, átti sig á einkennum þeirra og tengi þau við fortíð og nútíð í verkefnavinnu
- þekki helstu höfunda og verk áður nefndra tímabila
- þekki bókmenntasögu 20. og 21. aldar, helstu höfunda og verk þeirra
- átti sig á áhrifum erlendra menningarstrauma á íslenskar bókmenntir
- geri sér grein fyrir hlutverki bókmennta í samfélaginu og áhrifum þeirra
- kunni skil á stöðu og áhrifum kvenna í bókmenntum og bókmenntasögu 20. og 21. aldar
- kynnist barnabókmenntum frá mismunandi tímaseiðum 20. og 21. aldar
- kynnist nýjum bókmenntategundum síðustu áratuga
- temji sér sjálfstæð vinnubrögð og skapandi hugsun við verkefnavinnu
- kunni að leita þekkingar á bókasöfnum og rafrænum gagnaveitum

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	<b>ÍSL 416</b>	
Síða 2 af 4	<b>HAUSTÖNN 2013</b>	

- kunni að meta gagnsemi og áreiðanleika heimilda
- kunni að skrifa og setja upp heimildaritgerðir/-verkefni
- geti beitt áunninni þekkingu og yfirfært hana við úrvinnslu verkefna
- kynnist mismunandi birtingarformum bókmennta, t.d. í leikritun, tónlist, myndlist, kvikmyndum, sjónvarpi og á netinu.

### Námsgögn:

Ekki verða notaðar hefðbundar kennslubækur, heldur verður nemendum vísað á þær bækur/annað kennsluefni sem til er um þessi tímabil. Elnnig verður stuðst við ýmis konar ítarefni sem nemendur finna sjálfir og nýta sér til gagns við nám sitt og verkefnavinnu.

### Áætlun um yfirferð:

#### 1. lota 26. ágúst – 6. september

Áfanginn kynntur. Fjallað stuttlega um **lærdóms- og upplýsingaröld** og nokkrir textar lesnir sem sýnishorn af bókmenntum tímabilanna. Efnið tengt við menningarsögu þjóðarinnar á þessum tíma. Kennsla í heimildaleit og áreiðanleika heimilda og unnið heimildaverkefni úr völdu efni tímabilanna undir handleiðslu bókavaraða.

**Vægi verkefnis til lokaeinkunnar 10%.**

#### 2. lota 9. - 27. september

**Rómantíska stefnan:** Uppruninn, heimspekin, þjóðernishyggjan, tengsl við myndlist og tónlist, rómantískar bókmenntir Evrópu, íslenska sjálfstæðisbaráttan og birtingarmyndir hennar í skáldskapnum. Lesnir valdir textar sem dæmi.


**Raunsæið:** Uppruninn, heimspekin, boðskapurinn, tengsl við pólitískar stefnur tímabilsins. Lesnir valdir textar sem dæmi. Unnin verkefni sem tengjast bæði íslenskum og evrópskum bókmenntum og menningarheimi og skilaform verða með ýmsu móti.

**Vægi verkefnis til lokaeinkunnar 15%.**

#### 3. lota 30. september – 11. október

**Nýrómantik, deiglan, kreppan.** Fjallað um stefnurnar og tímabilin og skyldleikann/tengslin við samnefndar stefnur fyrri aldar. Lesnir nokkrir valdir textar sem sýnishorn og skoðaðar nýjar tegundir bókmennta og bókmenntaforma. Nemendum síðan beint í verkefnavinnu sem tengist bæði íslenskum og evrópskum bókmenntum. Skilaform með ýmsu móti.

**Vægi verkefnis til lokaeinkunnar 15%.**

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	<b>ÍSL 416</b> <b>HAUSTÖNN 2013</b>	
Samþykkt:SHJ		
Síða 3 af 4		

#### 4. lota 14. - 25. október

**Heimstyrjöldin síðari, hernámið**, stríðsárin og afleiðingar þeirra fyrir íslenskt menningarsamfélag og bókmenntir. Nýtt samband við umheiminn, nýir straumar og stefnur, sjálfstæðisbaráttan hin nýja. Nýir miðlar, ný menningaráhrif, ný gildi og viðmið. Nemendur velja sér efni frá tímablinu og skrifa um það heimildaritgerð.

**Vægi verkefnis til lokaeinkunnar 15 %.**

#### 5. lota 28. október – 8. nóvember

**Móðernisminn** í ljóðum og skáldsögum, **nýraunsæið**, nýir miðlar, ný menningaráhrif. **Jafnréttisbaráttan á öllum sviðum**, kvenna, kynþátta og stúdenta. Víetnam-stríðið, hippamenningin, ný gildi og sjónarmið á alheimsvísu sem skila sér inn í íslenskar bókmenntir og birtingarform þeirra. Verkefni sem fyrr, sögulegs og bókmenntalegs eðlis.

**Vægi verkefnis til lokaeinkunnar 10%.**

#### 6. lota 11. - 3. desember

**Nútiminn 1980 – 2010** með öllum sínum birtingarformum og nýjungum, jafnt í bókmenntum sem öllu öðru. Áhersla á nýja miðla og ný framsetningarform og tengsl þeirra og bókmennta. Fjallað um nýjar tegundir bókmennta og ný samfélagsleg viðhorf sem setja mark sitt á bókmenntirnar. Nemendur vinna lokaverkefni sem spannar allt sem þeir hafa lært á önninni.

**Vægi verkefnis til lokaeinkunnar 25%.**

Auk framangreindra námsþátta skal hver nemandi velja sér **tvær skáldsögur** til lestrar á önninni, aðra frá 1850 – 1960 og hina frá 1960 – 2010. Standa skal skil á efni viðkomandi skáldsagna og öðru sem þær varðar í Moodle-prófum sem hvort um sig gildir 5% af lokaeinkunn og **vægi þessa verkefnis er því 10% af lokaeinkunn.**


#### Verkefni:

Sjá lotulýsingar.

**Nemendum ber að skila verkefnum á tilsettum tíma** (sbr. áætlun hér að framan) en undanþágur frá skilareglum eru aðeins veittar vegna veikinda eða af öðrum ófyrirsjáanlegum ástæðum. Ef vanskil verða á verkefnum lækka einkunnir þeirra sem hér segir:

- 1 virkur dagur            0.5
- 2 virkir dagar            1
- 3 virkir dagar            1.5
- 4 virkir dagar            2

Frá og með fimmta degi verður ekki tekið við verkefnum nema til komi framangreindar undanþágur. Þessar reglur gilda einnig um munnleg skil.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	<b>ÍSL 416</b> <b>HAUSTÖNN 2013</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 4		

**Námsmat og vægi námsþátta:**

Heimildaverkefni úr 1. lotu	10%
Verkefni úr 2. lotu	15%
Verkefni úr 3. lotu	15%
Heimildaritgerð úr 4. lotu	15%
Verkefni úr 5. lotu	15%
Lokaverkefni úr 6. lotu	20%
Skáldsagnapróf	10%

**Dagsetning:**

Undirritun kennara \_\_\_\_\_

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils \_\_\_\_\_